

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar**  
**vegna leikskólans Óskalands.**

Skipulagsstofnun staðfesti 15. ágúst 2023 breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 sem samþykkt var í bæjarstjórn 4. júlí 2023.

Í breytingunni felst stækkun landnotkunarreits samfélagsþjónustu (S2) við leikskólann Óskaland yfir aðliggjandi opið svæði (OS) sem fellur út. Stækkunin nemur 0,3 ha, úr 0,7 í 1,0 ha, vegna áforma um stækkun leikskólans og fjölgun leikskóladeilda.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 15. ágúst 2023.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 29. ágúst 2023